



MENNINGAR- OG FEGRUNARNEFND FUNDUR – 12. desember 2006

Sjötti fundur haldinn á bæjarskrifstofu þriðjudaginn 12. desember 2006, kl:14:00.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Kynning á menningarsamningi við ríkið

Nína Margrét setti fund og bauð fundargesti velkomna, þá Hauk Suska frá SSNV og Einar Kolbeinsson verkefnisstjóra hjá Blönduósbæ. Haukur kynnti menningarsamning við ríkið og urðu fyrirspurnir og umræður. Telur menningar- og fegrunarnefnd þennan samning mjög jákvæðan. Haukur vék af fundi að því loknu.

2. Önnur mál.

- Fjárhagsáætlun: Jóna Fanney Friðriksdóttir kom á fund og kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 og vék að því loknu af fundi.
- Formaður, Nína Margrét vill boða á fund aðila sem standa að hinum ýmsu félagssamráðum vegna menningarmála í héraði.
- Lagt er til að keypt verði jólaskraut á ljósastaura út Húnabrautina.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:30.

Haukur Suska-Garðarsson (sign.)

Einar Kolbeinsson (sign.)

Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)

Þórhallur Barðason (sign.)

Sigurlaug Markúsdóttir (sign.)